



Hreppsnefnd 12. júlí 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 12. júlí 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 12. júlí kl. 16.00 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Björn H. Sigurbjörnsson, Hafþór Róbertsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Ólafur Sigmarsson, Alexander Árnason og Árni Róbertsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl. Fundargerðin rædd og fyrirspurnum svarað. Gerðar voru lítilsháttar lagfæringar í 10. tl. Síðan var fundargerðin samþykkt.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 4. júlí sl. Fundargerðin rædd og var fyrirspurnum svarað. Fundargerðin samþykkt.

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 12. júlí 2001. Varðandi 3.tl. telur hreppsnefnd að ekki sé um aðra leið að ræða en leið C. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

4. mál. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 2. júlí sl. All miklar umræður urðu um fundargerðina m.a. um hugsanlega samvinnu við Vesturfarasafnið á Hofsós.

Fram kom svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fela sveitarstjóra í samráði við atvinnumálanefnd að vinna að gerð samkomulags eða viljayfirlýsingar um samstarf við Vesturfarasafnið á Hofsósi, sem miði að því að byggja upp sérstaka Vesturfaramiðstöð á Vopnafirði. Slík miðstöð yrði samnefnari fyrir þjónustu við Vesturfara á Austurlandi.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð stjórnar brunamála Vopnafjarðar-, Skeggjastaða- og Þórshafnarhrepps frá 2. júlí sl. Samþykkt.

6. mál. Matsskylda brimvarnargarða umsögn. Lögð fram greinargerð til Skipulagsstofnunar dags.24. júní sl., þar sem spurst er fyrir um matsskyldu brimvarnargarð milli Miðhólma og Skiphólma á Vopnafirði. Jafnaframt lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps um hvort viðkomandi framkvæmd skuli vera matsskyld. Lögð fram drög að umsögn til Skipulagsstofnunnar dags. 10. júlí sl. Nokkur umræða var um fyrirliggjandi drög að umsögn. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkti síðan drögin eins og þau voru lögð fyrir.

7. mál. Tillögur byggðanefndar Sambands Ísl. sveitarfélaga frá 21. júní sl. Samþykkt að vísa afgreiðslu þessa máls til næsta fundar.

8. mál. Jarðhitaleit. drög að verksamningi. Sveitarstjóra falið að ganga frá og undirrita samning.

9. mál. Hámundarstaðir, sala. Sveitarstjóri gerði grein fyrir gerð sölusamninga Hámundarstaða. Salan samþykkt samhljóða.

10. mál. Samkomulag milli Handverkshússins og Vopnafjarðarhrepps, um rekstur upplýsingamiðstöðvar dags. 3. júlí sl. Hreppsnefnd samþykkti samkomulagið.

11. mál. Lagt fram bréf dags. 20. júní sl. frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga, varðandi styrk til úrvinnslu upplýsinga er tengjast Vestur Íslendingum.

Hreppsnefnd samþykkti svofellda tillögu:

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps lýsir yfir stuðningi við þá hugmynd sem fram kemur í erindinu og samþykkir fyrir sitt leyti að fela Héraðsskjalasafni Austurlands að sækja um styrk vegna verkefnisins.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir jafnframt að fela sveitarstjóra og formanni atvinnumálanefndar að fá Héraðsskjalasafn Austurlands í samstarf um öflun upplýsinga í tengslum við stofnun Vesturfarasafns á Vopnafirði.

12. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps, Hafnarsjóðs og Félagslegra íbúða fyrir árið 2000, fyrri umræða. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu stærðum í ársreikningunum og svaraði fyrirspurnum. Samþykkt að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.